



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir móttöku á úrgangi til endurvinnslu og olúgeymi til eigin nota (Moldarblandan-Gæðamold) við Gufunesveg (ekki í húsnæði).

Nafn leyfishafa: Moldarblandan-Gæðamold ehf.

Heimilisfang: Brúarfljót 1

Póstnúmer: 270

Kennitala: 510291-1749

Útgáfudagur leyfis: 19. júní. 2025

Gildir til: 30. október 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Sérstækum Starfsleyfisskilyrðum fyrir Moldarblönduna - Gæðamold fyrir endurvinnslu á úrgangi í Gufunesi og olúgeymi til eigin nota.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 19. júní 2025


Óskar Björnsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Moldarblönduna-Gæðamold ehf.

kt. 510291-1749

Brúarfljóti 1

vegna endurvinnslu á úrgangi og olúgeymi til eigin nota, í starfstöð fyrirtækisins að Gufunesvegi.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og/eða 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Umsókn fullnægjandi/ófullnægjandi. Sjá kafla 1.	06.05.2025 Umsókn metin fullnægjandi
Rekstraraðili, kt.	Moldarblandan-Gæðamold ehf, 510291-1749
Heiti fyrirtækis	Moldarblandan-Gæðamold ehf
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Gufunesvegi (ekki í fasteign)
Tegund starfsemi	Endurvinnsla á úrgangi sbr. lið 8.5 í viðauka X í rg. 550/2018 og olúgeymir til eigin nota sbr. lið 120 í viðauka við lög nr.7/1998.
Tilefni umsóknar	Breyting á starfsemi
Umsögn skipulagsfulltrúa	Um er að ræða minniháttar breytingu á starfsemi, fyrirbyggur jákvæði umsögn skipulagsfulltrúa við útgáfu fyrra starfsleyfis, ekki var talin ástæða til að leita umsagnar að nýju.
Umsögn byggingarfulltrúa	Starfsemin fer ekki fram í húsnæði ekki talin ástæða til að leita umsagnar byggingarfulltrúa.
Dags. auglýsingar á móttöku umsóknar um starfsleyfi	16.05.2025
Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda	16.05.2025, frestur til athugasemda var til 13.06.2025.



Athugasemdir sem bárust	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla	Umsóknin var lögð fyrir 1839, afgreiðslufund HER þann 19.06.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 30. október 2026.

1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi og var móttaka hennar auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/auglysing-starfsleyfa> þann 16.05.2025. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur eða til 13.06.2025.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Moldarblöndunar-Gæðamold ehf. tekin fyrir á 1839. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 19.06.2025 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 30. október 2026.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík dags. 10. september 2025

Rúnar Grímsson
Heilbrigðisfulltrúi